

Í máli þessu hefir eigi komið fram nein skaðabótakrafa á hendur ákærða.

Refsing ákærða fyrir framangreind brot á 227. gr. og 1. mgr. 228. gr., sbr. 227. gr. hinna almennu hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin fjöggra mánaða einfalt fangelsi. En rétt þykir samkvæmt ákvæðum laga nr. 39 frá 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður, nema ákærður innan fimm ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu og sektir, svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns sem þykja hæfilega ákveðin 50 krónur.

Á máli þessu hefir orðið talsverður dráttur og stafar hann af annriki dómarsins, sem um langt skeið hefir verið önnur kafinn við umfangsmikla réttarrannsókn, og var auk þess um tíma síðastliðinn vetur fulltrúi lögmannsins í Reykjavík. Þá hefir og talsmaður ákærða fengið alllangan frest í málinu til samningar málsvarnar fyrir ákærða og verður að telja að hann hafi verið nauðsynlegur.

Föstudaginn 8. febrúar 1934.

Nr. 83/1934. **Halldór Þorsteinsson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Dánarbúi Einars Þorgilssonar

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Bætur fyrir veiðarfæratjón.

Dómur sjóréttar Hafnarfjarðar 1. maí 1934: Stefndur, Einar Þorgilsson, eigandi og útgerðarmaður b/v. Garðars, G. K. 25 í Hafnarfirði, á að vera sýkn af kærur og kröfum Halldórs Þorsteinssonar, Reykjavík, eiganda og útgerðarmanns togarans Max Pemberton, Reykjavík, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Eftir útgáfu hæstaréttarstefnu í máli þessu lézt stefndi í héraði, Einar kaupmaður Þorgilsson í Hafnarfirði, og hefir dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að dánarbúið verði dæmt til að greiða honum kr. 4667.94 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi, 13. maí 1933, til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Loks hefir áfrýjandi krafizt þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í togaranum Garðari GK. 25 til tryggingar framangreindum kröfum. Af hálfu dánarbúsins er krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar í hæstarétti eftir mati dómsins.

Föstudaginn 3. marz 1933 voru togararnir Garðar GK. 25, þá eign Einars kaupmanns Þorgilssonar, og Max Pemberton frá Reykjavík, eign áfrýjanda, að veiðum undir Öndverðarnesi. Um kl. 2—2½ síðd. togaði Garðar með stjórnborðsvörpu úti sem næst í stefnu frá suðvestri til norðausturs, en togarinn Max Pemberton kom úr gagnstæðri átt og stefndi til suðvesturs á bakborða við Garðar, þannig að skipin voru að stefnu til sem næst því samsíða. Eftir að Garðar hafði togað um 35 mínútur, tók hann að draga inn vörpu sína. En rétt áður en Garðar byrjaði á því, tók Max Pemberton að gefa út bakborðsvörpu sína, en þá breytti Garðar stefnu og beygði á bakborða, og án þess að gefa merki um það, svo að skipstjórinn á Max Pemberton taldi hættu á því, að Garðar mundi lenda í veiðarfærum síns skips, og lét því gefa út vírana eins hægt og unnt var til þess að reyna að draga undan Garðari.

Það verður að telja sannað, að Garðar hafi siglt

Þannig út fyrir kjölvatnslínu Max Pembertons, og ekki greinir aðilja á um það, að svo stutt hafi verið milli skipanna, að veiðarfærum þeirra hafi getað lent saman. Eftir dagbók Max Pembertons slitnaði nú annar vír þessa skips, og samkvæmt dagbókar-skýrslu Garðars varð varpa hans föst við vörpu Max Pembertons, og annar vír hans kom upp á afturhlera Garðars og var losaður af honum. Þegar eftir að vír Max Pembertons slitnaði, lét skipstjórinn senda skeyti til Garðars með fyrirspurn um það, hvort þeir á Garðari hefðu fengið upp veiðarfæri Max Pembertons, og fékk það svar, að þeir hefðu fengið upp annan vír þeirra á afturhleranum. Síðan reyndu þeir á Max Pemberton að draga inn vörpu skipsins á hinum vírnum, en hann slitnaði þá líka, svo að þeir misstu botnvörpu skipsins með 250 faðma nýjum eða nýlegum vír o. fl. og hefir áfrýjandi talið veiðarfæramissi sinn nema hinni umstefndu upphæð, og hefir upphæðinni ekki út af fyrir sig verið mótmælt.

Það verður ekki séð, að skipstjórinn á Max Pemberton hafi brotið siglinga- eða sjómenskureglur með því að gefa út botnvörpu skips síns, eins og hann lét framkvæma þá athöfn. Hinsvegar mátti áðurnefnd stefnubreyting Garðars og ferð hans aftan við Max Pemberton yfir kjölvatnslínu hans vel valda því, að veiðarfærum skipanna lenti saman. Og það, að annar vírinn slitnaði í þeim svifum, er Garðar er kominn aftur fyrir Max Pemberton og að vír kemur upp á afturhlera Garðars, bendir eindregið til þess, að botnvarpa Garðars hafi valdið spjöllumum á vírnum, enda efast hvorugur skipstjóranna um þetta, þegar það bar til, eða þegar þeir skráðu um þetta skýrslu í dagbækur skipanna. Og þótt virar Max

Pembertons væru nýjir, gátu þeir, er þeir, lentu saman við veiðarfæri Garðars, orðið fyrir þeim slysum, að þeir slitnuðu eða sködduðust, og því mátti það verða, að virar Garðars, sem voru gamlir, héldu, þótt hinir slitnuðu. Það verður ekki heldur talið máli skipta, þótt sá af skipverjum Garðars, sem var við vinduna, telji sig ekki hafa orðið varan við aukin þyngsli, er varpa Garðars var dregin upp, því að virinn frá Max Pemberton getur hafa slitnað áður en farið var að draga upp vörpuna, enda telur skipstjórinn á Garðari, sem var á stjórnþalli, sig hafa orðið einhverra aukinna þyngsla varan, og gæti það hafa verið, þegar virinn slitnaði og áður en farið var að draga inn vörpuna. Loks getur skýrsla tveggja skipverja Garðars um það, að spotti af vir þeim, sem upp kom á afturhlera Garðars og þeir telja sig hafa athugað í nokkurri fjarlægð, hafi verið ryðgaður, ekki hnekt samhljóða dagbókar-skýrslum beggja skipstjórnanna ásamt þeim líkum, sem að framan greinir og benda til þess, að þær séu réttar.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að veiðarfæri Max Pembertons og Garðars hafi lent saman, að tjónið á veiðarfærum Max Pembertons stafi þar af, og að áðurnefnd stefnubreyting Garðars hafi verið orsök til tjónsins.

En þótt þessu væri þannig varið, hefir því verið haldið fram af hálfu dánarbúsins, að því beri ekki að bæta tjónið, því að skipstjórinn á Garðari hafi verið neyddur til að breyta stefnu sinni, eins og hann gerði, til þess að forðast spjöll á sínum veiðarfærum af völdum annara togara, er þar hafi verið framundan honum að veiðum. En þótt svo hefði verið, þá hafði hann ekki rétt til þess að leggja veiðarfæri

Max Pembertons í hættu, án þess að bæta tjón þar af, til að firra sín veiðarfæri spjöllum. Verður því með skirskotun til þess, sem að framan er sagt, að taka til greina kröfur áfrýjanda og dæma dánarbúið til að greiða honum hina umstefndu upphæð, kr. 4667.94, með 5% ársvöxtum frá 13. maí 1933 til greiðsludags, með sjóveðrétti samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914, í togaranum Garðari G.K. 25.

Eftir þessum málalokum þykir og rétt að dæma dánarbúið til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðst samtals 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Dánarbú Einarssonar greiði áfrýjanda, Halldóri Þorsteinssyni, kr. 4667.94 með 5% ársvöxtum frá 13. maí 1933 til greiðsludags, og samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Áfrýjandi skal hafa sjóveðrétt í togaranum Garðari G.K. 25 til tryggingar framangreindum kröfum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu, útg. 13. maí f. á. hefir stefnandinn, Halldór Þorsteinsson, útgerðarmaður í Reykjavík, sem eigandi botnvörpuskipsins „Max Pemberton“ Reykjavík, höfðað mál þetta gegn Einari Þorgilssyni, útgerðarmanni í Hafnarfirði, sem eiganda botnvörpuskipsins „Garðar“ G. K. 25 í Hafnarfirði, til greiðslu á kr. 4667.94, auk 5% ársvaxta af þeirri upphæð frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi framlögðum, eða eftir

mati réttarins. — Svo krefst og stefnandinn sér tildæmdan sjóveðrétt í b/v. Garðari fyrir hinni idæmdu upphæð.

Tildrög til málshöfðunar þessarar kveður stefnandi vera þau, að 3. marz f. á., er skip hans, Max Pemperton, R. E. 278, hafi verið að veiðum í Jökuldjúpinu, hafi b/v. Garðar togað þvert yfir vörpustrengi fyrrnefnds skips hans og slitið vörpuna frá skipinu með öllum tilheyrandi veiðarfærum og 250 föðmum af vir, sem allt hafi tapast gersamlega, en öll þau veiðarfæri séu að verðmæti til hæfilega metin á kr. 4667.94, samkv. sundurliðuðum reikningi, er lagður verði fram í málinu við þingfestingu þess. Samkv. framlögðum staðfestum útdrætti úr botnvörpungsins Garðar, G. K. 25, undirrituðum af skipstjóra þess skips, Sigurjóni Einarssyni, er þannig að orði komizt meðal annars: „varð okkar varpa föst saman við vörpu Max Pemperton, annar vírinn hans kom upp á vörpuhleranum og var losaður af“, og í síðar framlagðri skýrslu skipstjórans, er þetta talið hugsanlegt vera, eða að veiðarfærum beggja skipanna hafi getað lent saman. Segist hann umræddan dag hafa verið að toga út af Svörtuloftum (Öndverðarnesi) meðfram álkantinum ásamt flestum öðrum íslenzku botnvörpungunum, og eftir 35 mínútna tog, hafi hann þurft að „hífa“ upp, en til þess að geta það, hafi hann orðið að beygja í BB, til þess að komast fritt af tveimur skipum, sem voru þar að taka vörpuna, en þá hafi togarinn Max Pemberton verið að kasta sinni vörpu, en svo nærri, að hann hafði mjög naumt rúm til að framkvæma nauðsynlega hreyfingu til að geta „híft“ upp, og hann vikið skipinu inn í stefnu þess skips, ca. 200—300 faðma aftan við það í kjölfar þess eða því sem næst, „slegið síðan úr“ og byrjað að „hífa“ með stöðvaðri vél, sem hann hafi álitnið undir öllum kringumstæðum óhætt, svo framarlega, að stefna hins skipsins eigi skar upprunalega stefnu hans skips, sem eigi hafi getað orðið, nema kastað hefði verið á ská yfir stefnu skips hans, er komið geti fyrir í köstuninni, eða aukizt í henni. — Til þess að forðast samfestu, kveðst skipstjórinn þá hafa orðið að halda óbreyttri stefnu eða toga áfram sem fyr, svo og svo lengi, án þess að það hefði honum að nokkru leyti, en togunartími hans verið á enda og beygingin aðeins gerð vegna skipsþrengsla og hann stöðvað gangvél

skipsins, er hann „hífi“, sem sé óvanalegt, til þess að forðast samfestingu veiðarfæra. Heldur hann því fram, að viðurkennt sé að það skipið, er er að toga, hafi réttinn gagnvart því skipi, er kasti vörpu, er beri að gæta þess, að kasta eigi því skipi til óhagræðis, er togi, og hafi það skipið, er kasti vörpu, ábyrgð á því, ef samfestan verði. — Einnig segir hann, að samfesta veiðarfæra engan veginn þurfi að valda veiðarfæratapi, og það óaðgæzlu að kenna, ef svo verði, eða ógætilegri „hífinu“ eða botnfestu, og er það álit skipstjórans að öðru hvoru þessu sé um að kenna í þessu tilfelli, en hans skip eigi orðið fyrir neinum aukahyngslum í drættinum, og þá um botnfestu hjá hinu skipinu að ræða en enga samfestu á veiðarfærum, enda hafi og vir sá, er komið hafi upp á hlera Garðars verið gamall, eða ryðgaður vir, og eigi þyngri í drætti en svo, að aðeins hafi markað 1 þumlungs skoru í hlerann, en hitt skipið verið með nýja vírstrengi, en virar hans skips gamlir, er slitnað hafi oftár þá rétt áður, og ef um togstreitu veiðarfæra þeirra á milli hafi verið að ræða, þá hefðu vírstrengir hans skips slitnað fyrr, en hins skipsins, og loks sé það mjög óvanalegt að báðir strengir slitni í einu í samfestu veiðarfæra, heldur aðeins annar vírstrengurinn, og þá megi gefa eftir á hinum og láta hitt skipið um flækjuna, og tilkynna hinu skipinu, að svo hafi verið gert.

Krefst stefndur fullrar sýknunar af skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu, þar sem hann ekkert það hafi aðhafst, er miðað hafi að því að valda tjóni, heldur farið svo varlega, sem unnt var, og hann verið með sín veiðarfæri úti, en hitt skipið að leggja sínum.

Samkvæmt framlagðri sjóferðaskýrslu b/v. Max Pemberton kemur b/v. Garðar togandi mótsetta stefnu, en snýr svo rétt fyrir aftan b/v. Max Pemberton, svo að vörpunar flækjast saman og annar virinn slitnaði frá því skipi, áður en hægt hafi verið að taka vírstrenginn í blokkina. — Segir ennfremur í sjóferðaskýrslunni, að mörg skip hafi verið þarna að veiðum, og nokkur þeirra ætlað að toga yfir veiðarfæri Max Pemberton, en þeim þá gefið merki svo að þau gátu forðazt það, nema enski togarinn „Cape Guardafue“, H. 255, sem dregið hafi upp af þessum ástæðum skammt frá skipi þeirra, en hjá því skipi hafi ekki komið neitt upp af veiðarfærum b/v. Max Pemberton, en

þegar fara átti að draga upp vörpuna á þeim virnum, sem heill var á skipinu hafi hann slitnað líka, en hinn virinn komið upp á hlera b/v. Garðars, sem svo hafi verið sleppt niður. — Er það álit skipstjórans á b/v. Max Pemberton, að vörpunar hefðu langsamlega orðið friar hvor af annari, ef b/v. Garðar, sem verið hafi með stjórnborðsveiðarfæri úti, eigi hefði snúið svona mikið til bakborða, og þannig yfir vörpu b/v. Max Pemberton, sem verið hafi með bakborðsveiðarfæri.

Það er nú svo, eins og fyrr segir, að sjóferðaskýrsla skipstjórans á b/v. Garðar, ber það með sér, að skipstjórninn hafi í fyrstu verið þess fullviss, að veiðarfæri hans hafi flækzt í veiðarfærum b/v. Max Pemberton, og í svarskeyti hans við fyrirspurnarskeyti skipstjóra siðargreinds skips um þetta, svarar skipstjóri b/v. Garðars játandi, og bætir því við: „fengum upp annan virinn ykkar á afturhleranum. Sleptum honum af og nú eruð þið lausir“. Það eru og næsta mikil líkandi til þess, að þessu hafi verið þannig varið í raun og veru, eftir skýrslum beggja skipstjóranna, bæði um það, hve mikið hafi verið úti af veiðarfærum b/v. Max Pemberton og hve langt b/v. Garðar átti að vera bak við skip þetta, samkvæmt skýrslu b/v. Garðars, en á hinn bóginn hafa eigi komið fram ábyggilegar líkur eða sannanir fyrir því, að veiðarfæri b/v. Max Pemberton hafi orðið föst í botni, eða að slík festa hafi orðið orsök veiðarfæratapsins. Þar sem þó nú skipstjóri b/v. Max Pemberton eða eigandi þess skips, hefir undir rekstri málsins haldið því eindregið fram, að veiðarfæri þess skips hafi þá verið sem ný, og skaðabótakrafa hans gagnvart eiganda b/v. Garðars, er miðuð við þetta, þar á meðal að togstrengir skipsins hafi nýlegir verið, en það aftur á móti virðist vera upplýst eða sannað, að togstrengur sá, er upp kom á afturhlera b/v. Garðars, hafi verið ryðgaður eða gamall, sem þegar hafi verið sleppt af hleranum, en togstrengir b/v. Garðars áður margslitnað, vegna þess hve þeir voru notaðir og lélegir orðnir, og heldur engin óvenjuleg þyngsli fundizt, er umræddur togstrengur kom upp á botnvörpuhlera b/v. Garðars, virðist eigi vera fyllilega sannað, eða full vissa fyrir því, að oftnefndur vírstrengur, er upp kom með veiðarfærum b/v. Garðars, hafi tilheyrt togaranum Max Pemberton og þá það eigi heldur, að veiðarfæramissir

b/v. Max Pemberton stafi eingöngu eða að nokkru leyti af umræddum veiðarfæraflækjum framangreindra skipa, og virðist því eiga að sýkna stefndan af kærum og kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 13. febr. 1935.

Nr. 148/1934. **Páll Magnússon** (Th. B. Líndal)
gegn

hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Lögtak fyrir útsvari byggðu á nýrri niðurjöfnun.

Úrskurður fúgetaréttar Suður-Múlasýslu 23. maí 1934:
Umbeðin lögtaksgerð hjá Páli Magnússyni á fram að fara.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi 11. sept. f. á.

Áfrýjandi hefir krafizt þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur með öllu, en til vara, að lögtak verði heimilað fyrir aðeins kr. 625.00.

Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Hin stefnda hreppsnefnd hefir krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Eins og í hinum áfrýjaða úrskurði segir, leitaði hreppsnefndin þegar eftir að hún hafði lokið útsvarsniðurjöfnun sinni í júnímánuði 1933 til viðkomandi ráðherra um styrk og aðstoð samkvæmt lögum nr. 63/1933. Með því að nefnd útsvarsniðurjöfnun var fjarri lagi, var ráðherra heimilt eftir hlutarins eðli, eftir því sem á stóð og án tillits til